



Prestur:  
*Séra Pálmi Matthíasson*  
Organisti:  
*Jónas Þórir*  
Einsöngur:  
*Jakob Fjólar Gunnsteinsson*  
Kór:  
*Karlakórinn Fóstbræður*  
Stjórnandi:  
*Árni Harðarson*  
Píanóleikur:  
*Gunnsteinn Ólafsson*  
Fiðluleikur:  
*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir*

*Bálför fer fram í Fossvogskirkju.*

*Viðstöddum er boðið að þiggja veitingar  
í safnaðarheimili kirkjunnar að lokinni athöfn.*

*Einlægar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð.*

*Guð blessi ykkur öll.*



# Ingi Ásbjörn Bjarnason

Fæddur 21. júlí 1939  
Dáinn 13. maí 2021



Útför frá Bústaðakirkju  
föstudaginn 28. maí 2021

Tónlist leikin á undan athöfn

Forspil

Air  
J. S. Bach

Bæn

|                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hærra, minn Guð, til þín,<br>hærra til þín,<br>enda þótt öll sé kross<br>upphefðin mín.<br>Hljóma skal harpan mín:<br>Hærra, minn Guð, til þín,<br>hærra til þín. | Sofanda sýndu þá<br>sólstigans braut<br>upp í þitt eilífa<br>alföðurskaut.<br>Hljómi svo harpan mín:<br>Hærra, minn Guð, til þín,<br>hærra til þín. |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Matthías Jochumsson - Lowell Mason 1856

Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarlestur



Einsöngur  
Í fjarlægð

Valdimar Hólm Hallstað - Karl O. Runólfsson

Minningarorð

Heyr, himna smiður,  
hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín  
miskunnin þín.  
Því heit eg á þig,  
þú hefur skaptan mig,  
ég er þrællinn þinn,  
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,  
að græðir mig,  
minnst, mildingur, mín,  
mest þurfum þín.  
Ryð þú, röðla gramur,  
ríklyndur og framur,  
hölds hverri sorg  
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helst hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meýjar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason - Þorkell Sigurbjörnsson

Bæn

Faðir vor

Malotte

Moldun og blessun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði,  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Eftirspil  
Pílagrímakórinn  
R. Wagner

